

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 132, 17. febrúar 2006,  
um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Flutningur grásleppuveiðileyfis milli báta er bundinn þeim skilyrðum að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, að bátur, sem leyfi er flutt til, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé ekki meira en 2,5 brúttótonnum stærri en bátur, sem leyfi er flutt frá og að eigendur báts, sem leyfi er flutt frá, hafi undirritað beiðni um flutninginn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2006.*

F. h. r.

**Árni Múli Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006